

## REGLUGERÐ

**um greiðslur sjúkratryggðra í kostnaði við sjúkraflutninga.**

1. gr.

Hámarksfjárhæð, sem samlagssjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutning skv. 1. mgr. stafliðs i, í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 54/1982, er kr. 700.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. mars. 1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1983.*

**Svavar Gestsson.**

Jón Ingimarsson.

21. febrúar 1983

Nr. 95

## AUGLÝSING

**um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar er hér með sett eftirgreind regla um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað:

Einstefnuakstur er um Túngötu með akstursstefnu frá Múlavegi að Suðurgötu.

Regla þessi tekur þegar gildi.

*Lögreglustjórinn á Seyðisfirði, 21. febrúar 1983.*

**Sigurður Helgason.**

28. febrúar 1983

Nr. 96

## REGLUGERÐ

**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979,  
sbr. reglugerð nr. 164 15. apríl 1982.**

Liður 9. 2. 5. orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessum kafla miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1982, en breytast síðan eftir henni. Ber í því efni að miða við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1979 öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.